

Fundargerð

**271. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu
slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14,
föstudaginn 25. apríl 2025, kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmysdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Valdimar Víðisson, Almar Guðmundsson, Regína Ásvaldsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Halla Karen Kristjánsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Jón Viðar Matthíasson, Birgir Finnsson og Ingveldur Lára Þórðardóttir.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

1. Brunavarnaáætlun - 2303013

Núgildandi brunavarnaáætlun hefur verið framlengt til októberloka 2025 vegna tafa við tæknilega útfærslu og úrvinnslu nýrrar stafrænnar áætlunar. Staðfesting HMS á framlengingunni lögð fram til kynningar.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 271 1.1 Brunavarnaáætlun SHS - framlenging.pdf

2. Samstarfssamningur um Brunavörð - 2504015

Samstarfssamningur SHS og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um rekstur og þróun eldvarnaeftirlitskerfisins Brunavarðar lagður fram til samþykktar.

Niðurstaða

Samstarfssamningur SHS og HMS um Brunavörð samþykktur.

Fylgiskjöl

SHS 271 2.1 Samstarfssamningur um rekstur og þróun Brunavarðar.pdf

3. Innra eftirlit og áhættustýring - 2503030

Farið yfir mat stjórnenda á núverandi áhættupoli lykiláhættupátta starfseminnar í samræmi við áhættustefnu og þróun þess, sem og helstu upplýsingar varðandi innra eftirlit á árinu 2024.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 271 4.1 Innra eftirlit og áhættustýring.pdf

4. Árangur í umhverfismálum 2024 - 2503031

Kynntur árangur SHS í umhverfismálum 2024 skv. mælikvörðum settum í loftslagsstefnu SHS.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 271 3.1 Árangur SHS í umhverfismálum 2024.pdf

5. Framtíðaruppbygging, samkomulag - 2405010

Drög að samkomulagi um greiðslu byggingarréttar vegna lóða fyrir starfsemi SHS, unnin af lögmönnum Kópavogs og Reykjavíkur, voru lögð fram til kynningar á 269. fundi stjórnar og hafa verið til umfjöllunar hjá sveitarfélögunum.

Niðurstaða

Frestað.

6. Aðalfundur 2025 með afmælisívafi - 2501012

Aðalfundur SHS með afmælisívafi verður haldinn 22. maí 2025 í slökkvistöðinni í Hafnarfirði. Farið yfir væntanlega dagskrá og aðra viðburði í tilefni 25 ára afmælis SHS. Lagt til að aðalfundurinn hefjist klukkan 14.00.

Niðurstaða

Samþykkt að aðalfundur hefjist kl. 14 þann 22. maí 2025.

7. Önnur mál - 2501009

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 09:30.

Heiða Björg Hilmisdóttir

Ásdís Kristjánsdóttir

Valdimar Víðisson

Almar Guðmundsson

Halla Karen Kristjánsdóttir

Þór Sigurgeirsson

